

# Stjörnuskífan: Ævintýri og vísindi

Rafræn leikjabók — tímaflakk á gullöld Íslams

Út er komin alíslensk rafræn leikjabók (e. gamebook). Stjörnuskífan: Ævintýri og vísindi er samstarfsverkefni rithöfundarins Emils Hjörvars Petersen og hugbúnaðagerðarinnar Gebo Kano ehf., sem í senn er útgefandi verksins.



Stjörnuskífan er sérhönnuð og myndskreytt rafræk bók fyrir Apple-spjaldtölvur þar sem skáldskapur blandast við þrautir og fróðleik; spennandi ævintýri og saga vísindanna renna saman. Helsti efniviðurinn er sóttur til gullaldrar Íslams en það var tímabil á miðöldum þegar vísindi og menning blómstruðu í löndum múslima. Margir uppfinningamannanna voru langt á undan sinni samtíð. Til að mynda reyndi Abbas ibn Firnas að fljúga fyrstur manna árið 875, um það leyti sem Ísland byggðist.

Sagan fjallar um tvo unglunga í samtímanum, hinn íslenska Gunnar og hina írösku Leylu, ævintýri þeirra og tímaflakk. Í kjallara skóla í Teheran finna þau skritna klukku sem þeim tekst að gera við og hefst þá svaðilförin. Þau flakka til ársins 1206 þar sem þau hitta uppfinningamanninn Al-Jazari. Hann biður þau um hjálp við að ljúka meistaraverki sínu með því að safna hugmyndum forvera hans í sérstaka stjörnuskífu, sem er tímavél. Gunnar og Leyla flakka meðal annars til Húss vísunnar í Bagdad, til Sikileyjar þar sem þau hitta landkönnuðinn Al-Idrisi, til Aleppo þar sem þau hitta stjörnufræðikonuna Mariam al-Ijliya, þau lenda í klónum á illskeyttum töfraanda og margt fleira.

Í hverjum kafla liggur fyrir þraut sem tengist sögunni og uppfinningunum. Alls eru þetta fjórtán litlir tölvuleikir,

sérhannaðir fyrir leikjábókina. Auk þess inniheldur Stjörnuskífan mikinn fróðleik sem hægt er að veiða úr textanum.

Fjallað er um allt sem tengist trúarbrögðum af hlutleysi, vísindin eru í forgrunni. Margt af því sem fram kemur hefur lítið sem ekkert verið skrifað um á íslensku áður, til dæmis um nokkrar vísindakonur á gullöld íslams. Í Stjörnuskífunni bregður einnig fyrir fyrirbærum sem eru ekki til í raun og veru, til dæmis tímavélum, töfradrykkjum og töfraöndum. Það er vegna þess að sagan er í grunninn fantasíusaga með fróðleiksvafi.

Hér er hlekkur á kynningarmyndband sem sýnir virkni leikjábókarinnar [Stjörnuskífan á Youtube](#).

Hér er hlekkur á kynningarefni fyrir fréttamenn [stjornuskifan.gebokano.com/Kynningarefni](http://stjornuskifan.gebokano.com/Kynningarefni).

Stjörnuskífan keyrir á iPad spjaldtölvum og það er hægt að sækja hana í [App Store](#)

Leikjábókin fæst í App Store og er ætluð almenningi og skólum. Verkefnið er styrkt af Próunarsjóði námsgagna.



## Um höfundana

Emil Hjörvar Petersen er rithöfundur og bókmenntafræðingur. Hann hefur sent frá sér fimm skáldsögur, þrjár ljóðabækur, kennslufni, smásögur og fleira. Þríleikurinn Saga eftirlifenda kom út á árunum 2010-2014, verkið hlaut mikið lof og er sagt vera brautryðjendaverk á sviði íslenskra fantasía og vísindaskáldsagna.

Glæpafantasíurnar Víghólar og Sólhvörf komu út hjá Veröld 2016 og 2017 og hlutu einróma lof gagnrýnenda.

Sagafilm hefur tryggt sér rétt til gerðar sjónvarpsþátta upp úr Víghólum. Emil vinnur nú að þriðju bókinni í þeirri bókaseríu. Hann hefur komið fram víða hérlendis og erlendis og verið talsmaður íslenskra furðusagna.

[www.emilhpetersen.com](http://www.emilhpetersen.com)

Guðný Þorsteinsdóttir er grunnskólakennari, námsefnishöfundur og eigandi Gebo Kano ehf. Frá 2008 hefur hún starfað sem námsefnishöfundur og apphönnuður og gefið námsforrit út gegnum Gebo Kano ehf. Hún hefur einnig unnið við námsefnisgerð í samvinnu við aðrar stofnanir, s.s. Menntamálastofnun.

Fríðrik Magnússon er tölvunarfræðingur og hefur forritað og tekið þátt í hönnun allra forrita sem Gebo Kano hefur gefið út.

Gebo Kano ehf. hefur gefið út fjölda vandaðra krakkaforrita fyrir spjaldtölvur með áherslu á fróðleik, sköpun og leik. Forritin hafa öll verið gefin út á íslensku, mörg þeirra hafa einnig komið út á ensku og fengið góðar móttökur og viðurkenningar. Sem dæmi má nefna að árið 2017 komst enska útgáfa forritsins Orðaflipp í úrslit í hinum alþjóðlegu BettAwards, í flokknum Educational Apps, og enska útgáfan af stærðfræðileiknum Galdrabúðin var valin í úrslit í International Educational GamesCompetition 2016 hjá European Conference On Game Based Learning. Nánari upplýsingar um forrit Gebo Kano og viðurkenningar sem þau hafa hlotið má sjá á [www.gebokano.com](http://www.gebokano.com)

## Nánari upplýsingar veitir

Guðný Þorsteinsdóttir. Sími: 6590313. Netfang: [guðny@gebokano.com](mailto:guðny@gebokano.com)

